

Mánudaginn 1. september 1997.

Nr. 301/1997. **Protabúi Drafnar, fasteignaþjónustu hf.,**

(Hlökkver Kjartansson hdl.)

gegn

protabúi Drafnar, skipaþjónustu hf.,

(Porsteinn Einarsson hdl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Réttindaröð. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. júní 1997, þar sem leyst var úr ágreiningi um viðurkenningu á kröfu, sem varnaraðili lýsti við gjaldþrotaskipti sóknaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði viðurkenningu á kröfum varnaraðila, eins og þær voru teknar til greina með hinum kærða úrskurði, svo og, að þær njóti þeirrar stöðu í réttindaröð, sem þar var ákveðin. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar viðurkenningu á kröfu hans, að fjárhæð 244.204 krónur, sem njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 4. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991, og skyldu sóknaraðila til greiðslu málskostnaðar í héraði. Varnaraðili krefst einnig kærumálskostnaðar.

Fyrir héraðsdómi var endanleg krafa varnaraðila alls að fjárhæð 1.186.594 krónur, og krafðist hann þess, að hún nyti í heild stöðu í réttindaröð samkvæmt 4. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991. Af þessari heildarfjárhæð taldi varnaraðili sig eiga annars vegar rétt á 840.375 krónum vegna skrifstofuþjónustu, sem Dröfn, skipaþjónusta hf., hafi veitt Dröfn, fasteignaðjónustu hf., á meðan síðarnefnda félagið naut heimildar til greiðslustöðvunar, og hins vegar tilkall til 346.219 króna vegna ýmissa verka, sem fyrrnefnda félagið hafi unnið sem undirverktaki fyrir hið síðarnefnda á greiðslustöðvunartíma. Í hinum kærða úrskurði var fyrrnefndur kröfuliður varnaraðila tekinn til

greina með 244.204 krónum og mælt fyrir um, að krafan nyti að því leyti stöðu í réttindaröð samkvæmt 4. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991. Síðarnefndur kröfuliður varnaraðila var tekinn til greina með 346.229 krónum og sú fjárhæð talin eiga að standa í réttindaröð samkvæmt 113. gr. sömu laga. Fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili lýst því yfir, að hann falli að öllu leyti frá öðrum kröfum á hendur sóknaraðila en þeim hluta fyrrnefnda kröfuliðarins, sem var tekinn til greina í úrskurði héraðsdómara, og kröfu um málskostnað. Fellur því niður ákvæði hins kærða úrskurðar um viðurkenningu á kröfuliðnum, sem þar var talinn vera að fjárhæð 346.229 krónur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða hans um viðurkenningu kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila að fjárhæð 244.204 krónur, svo og um stöðu þeirrar kröfu í réttindaröð.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er krafa varnaraðila, þrotabús Drafnar, skipaþjónustu hf., á hendur sóknaraðila, þrotabúi Drafnar, fasteignaðjónustu hf., að fjárhæð 244.204 krónur. Krafan nýtur stöðu í réttindaröð samkvæmt 4. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991 við gjaldþrotaskipti sóknaraðila.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. júní 1997.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. maí sl. að loknum munnlegum máflutningi, barst dómnum með tilkynningu skiptastjóra þb. varnaraðila, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., dagsettri 11. janúar 1996, mótttekinni 12. s. m., um það, að kominn væri upp ágreiningur um kröfu sóknaraðila. Í framhaldi þess var málið þingfest 18. janúar 1996. Fór fram aðalmeðferð í málinu 24. september 1996 og málið tekið til úrskurðar. Eftir töku málsins til úrskurðar varð dómara ljóst, að verulega skorti á skýrleika varðandi upplýsingar um málsatvik, og taldi hann sér skylt að kveðja aðila fyrir dóm að nýju skv. 104. gr. laga nr. 91/1991. Hinn 1. apríl 1997 var málið síðan tekið fyrir að nýju og frestað til þess að upplýsa um málsatvik og afla ýtarlegri gagna. Hinn 26. maí sl. lauk gagnaöflun í málinu, og fór að því búnu fram munnlegur mál-

flutningur að nýju til fyllingar fyrri málflytningi, en að því loknu var málið tekið til úrskurðar að nýju.

Sóknaraðili er þb. Drafnar, skipaþjónusta hf., kt. 660194-2749, Strandgötu 75, Hafnarfirði, en varnaraðili þb. Drafnar, fasteignaþjónusta hf., kt. 660194-2669, Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær, að krafa hans, að fjárhæð 1.186.594 krónur, verði samþykkt og viðurkennd sem forgangskrafa skv. 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 í þrotabú varnaraðila. Auk þess gerir hann kröfu um málskostnað í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning, að fjárhæð 316.134 krónur.

Dómkröfur varnaraðila eru þær aðallega, að kröfu sóknaraðila um, að krafa hans, að fjárhæð 1.186.594 krónur, verði samþykkt sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 verði hafnað, en til vara, að hún verði aðeins tekin til greina að hluta. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðila málskostnað auk virðisaukaskatts að skaðlausu í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning, að fjárhæð 330.658 krónur.

II.

Fyrir dóminum var tekin aðilaskýrsla af Bjarna Þór Óskarssyni hdl., aðstoðarmanni beggja félaga við greiðslustöðvun, Páli V. Daníelssyni, fyrrverandi stjórnarformanni beggja félaga, og Rúnari Sigurðssyni, sem var framkvæmdastjóri þeirra.

Lýsing sóknaraðila á málavöxtum og málsástæður hans.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 21. júní 1995 var bú Drafnar, skipaþjónusta hf., tekið til gjaldþrotaskipta. Var lögmaður sóknaraðila, Þorsteinn Einarsson hdl., skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Áður hafði félaginu verið heimilud greiðslustöðvun með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 12. október 1994. Greiðslustöðvun lauk 1. maí 1995.

Sama dag og Dröfn, skipaþjónusta hf., fékk greiðslustöðvunarheimild var Dröfn, fasteignaþjónusta hf., einnig veitt slík heimild, og stóð greiðslustöðvunin, þar til félagið var úrskurðað gjaldþrota 23. janúar 1995.

Á greiðslustöðvunartímanum stofnaði Dröfn, fasteignaþjónusta hf., með samþykki aðstoðarmanns í greiðslustöðvun, til umtalsverðra skulda við Dröfn, skipaþjónusta hf. Skuldin, sem stofnaðist vegna viðskipta þeirra í milli á greiðslustöðvunartímabilinu nam 23. janúar 1995, er bú Drafnar, fasteignaþjónusta hf., var tekið til gjaldþrotaskipta, 1.186.594 krónum, sem er sú fjárhæð, er krafist er, að verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. greinar laga nr. 21/1991 í bú varnaraðila.

Eiga skuldir þessar rót sína að rekja til margvíslegra viðskipta aðila frá

upphafi greiðslustöðvunar og fram til 23. janúar 1995, einkum þó til samnings um, að Dröfn, skipaþjónusta hf., annaðist framkvæmdastjórn, bókhaldsþjónustu og aðra skrifstofuþjónustu fyrir Dröfn, fasteignaþjónustu hf. Þá stofnaði Dröfn, fasteignaþjónusta hf., einnig til skulda við Dröfn, skipaþjónustu hf., með samningum um, að félagið ynni ýmis verk, sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., hafði samið um að vinna á þessum tíma, m. a. við byggingu og viðhald safnaðarheimilis, tónlistarhúss og heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði, viðhalds Miðbæjar í Hafnarfirði og Verkmenntaskólann í Neskaupstað. Þá áttu félögin viðskipti sín í milli vegna kaupa á vörum og þjónustu.

Dröfn, skipaþjónusta hf., og Dröfn, fasteignaþjónusta hf., voru stofnuð síðla árs 1993 sem liður í endurskipulagningu rekstrar, sem Skipasmíðastöðin Dröfn hf. hafði áður sinnt. Við stofnun félaganna var gerður samningur þeirra í milli um, að Dröfn, skipaþjónusta hf., skyldi fá greiddar 375.000 krónur á mánuði auk 24,5% virðisaukaskatts fyrir þá skrifstofuþjónustu, sem félagið veitti Dröfn, fasteignaþjónustu hf. Eftir að Dröfn, fasteignaþjónustu hf., var heimilud greiðslustöðvun, var um það samið, að Dröfn, skipaþjónusta hf., annaðist áfram skrifstofuþjónustu gegn óbreyttu gjaldi. Í lok árs 1994 lækkaði Dröfn, skipaþjónusta hf., kröfu sína um greiðslu fyrir skrifstofuþjónustu þannig, að heildarkrafa fyrir þann tíma, sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., hafði heimild til greiðslustöðvunar, nam 1.027.125 krónum. Þessa kröfu lækkaði sóknaraðili síðan undir rekstri málsins um 186.750 krónur vegna tímabilsins frá 1. til 12. október 1994, enda hafi sú krafa verið vegna bókhaldsþjónustu, sem innt var af hendi, áður en til greiðslustöðvunar kom.

Var þjónusta þessi innt af hendi vegna þess, að fyrir lá um það samþykki aðstoðarmanns Drafnar, fasteignaþjónustu hf., á greiðslustöðvunartíma, að þjónusta þessi væri keypt af Dröfn, skipaþjónustu hf., og einsýnt hafi verið, að útgjöld þessi hafi verið nauðsynleg til þess að halda áfram rekstri félagsins og ná markmiðum greiðslustöðvunarinnar. Heldur sóknaraðili því fram, að það hafi verið mat forsvarsmanna og aðstoðarmanns Drafnar, fasteignaþjónustu hf., um þær mundir, að víst væri, að samningur þessi yrði lánardrottnum félagsins til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi í kjölfar greiðslustöðvunarinnar, enda var framkvæmdastjórn, bókhalds- og önnur skrifstofuþjónusta forsenda þess, að Dröfn, fasteignaþjónusta hf., gæti sinnt þeim verkum, sem félagið hafði samið um að vinna, og með því aflað féluginu tekna á greiðslustöðvunartímabilinu. Þá bendir sóknaraðili á, að samningur við Dröfn, skipaþjónustu hf., um framkvæmdastjórn o. fl. hafi verið mun ódýrari kostur en að ráða til félagsins framkvæmdastjóra og bók-

ara, taka á leigu húsnæði fyrir starfsemina og auk þess kaupa nauðsynlegan skrifstofubúnað. Hinn umfangsmikli rekstur Drafnar, fasteignaþjónustu hf., á greiðslustöðvunartímabilinu hafi ekki verið mögulegur, án þess að samþærileg þjónusta og sú, sem samningurinn fól í sér, að Dröfn, skipaþjónusta hf., innti af hendi, væri veitt. Kostnaði Drafnar, fasteignaþjónustu hf., vegna skrifstofuþjónustunnar hafi verið í hóf stillt, og af hálfu varnaraðila hafi ekki verið sýnt fram á, að aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartíma hafi lagt rangt mat á aðstæður á þeim tíma, og ekki hafi þá þótt víst, að samningurinn um skrifstofuþjónustuna yrði lánardrottnum til hagsbóta, kæmu gjaldþrotaskipti í kjölfar greiðslustöðvunar.

Reikningar Drafnar, skipaþjónustu hf., á hendur Dröfn, fasteignaþjónustu hf., vegna framkvæmdastjórnar og skrifstofuþjónustu á greiðslustöðvunartíma eru sundurliðaðir þannig í greinargerð sóknaraðila:

Reikningur nr. 1431, dags. 31. 10. 1994	kr. 466.875
Reikningur nr. 1479, dags. 30. 11. 1994	– 466.875
Reikningur nr. 1544, dags. 31. 12. 1994	– 466.975(?)
Kreditreikn. nr. 1557, dags. 31. 12. 1994	– –466.875
Reikningur nr. 1558, dags. 31. 12. 1994	– 373.500
Kreditreikn. nr. 1561, dags. 31. 12. 1994	– –373.500
Kreditreikn. nr. 1562, dags. 31. 12. 1994	– –373.500
Reikningur nr. 1563, dags. 31. 12. 1994	– 466.875
Samtals reikningar vegna framkvæmdastjórnar og skrifstofuþjónustu	kr. <u>1.027.125(?)</u>

Með bókun undir rekstri málsins lækkaði sóknaraðili síðan þessa fjárhæð í 840.375 krónur af ástæðum, sem að framan eru raktar.

Til þess að geta staðið við ýmsa samninga við verkkaupa vegna verka, sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., þurfti að ljúka á greiðslustöðvunartíma, sem var, eins og áður segir, einkum viðhald fasteigna og byggingar, leitaði félagið um það til Drafnar, skipaþjónustu hf., að félagið tæki að sér vinnu sem undirverktaki við ýmis þau verk, sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., hafði samið um.

Samhengis vegna verður ekki hjá því komist að rekja sundurliðun samkvæmt b- til g-liðar, dskj. nr. 200, sem er eftirfarandi:

„I. Kröfur, er stofnað var til á greiðslustöðvunartíma.

b) Kröfur vegna vinnu við verk á vegum varnaraðila á tímabilinu 12. október 1994 til 23. janúar 1995, svo sem við safnaðarheimili í Hafnarfirði,

heilsugæslustöð í Hafnarfirði, tónlistarhús í Hafnarfirði, Verkmenntaskólann í Neskaupstað og Miðbæ Hafnarfjarðar.

Reikningur nr. 1451 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 18	kr.	268.000
Reikningur nr. 1473 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 27	–	616.217
Reikningur nr. 1481 v. Eimskips hf., sbr. dskj. nr. 29	–	173.274
Reikningur nr. 1484 v. Miðbæjar Hafnarfjarðar, sbr. dskj. nr. 31	–	96.512
Reikningur nr. 1485 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 32	–	197.965
Reikningur nr. 1486 v. traktors, sbr. dskj. nr. 33	–	22.310
Reikningur nr. 1487 v. heilsugæslustöðvar, sbr. dskj. nr. 34	–	12.291
Reikningur nr. 1515 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 43	–	114.103
Reikningur nr. 1531 v. tónlistarhúss, sbr. dskj. nr. 48	–	4.781
Reikningur nr. 1535 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 54	–	141.226
Reikningur nr. 1537 v. Verkmenntaskólans, sbr. dskj. nr. 55	–	169.220
Reikningur nr. 1560 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 63	–	966.992
Reikningur nr. 1567 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 75	–	8.379
Reikningur nr. 1568 v. viðgerðar á útidyrastopp, sbr. dskj. nr. 76	–	4.747
Reikningur nr. 1569 v. safnaðarheimilis, sbr. dskj. nr. 77	–	6.628
Samtals	kr.	<u>2.802.645</u>

c) Aðrar viðskiptakröfur, er stofnað var til á greiðslustöðvunartíma.

Greidd laun fyrir Dröfn, fasteignaþjónustu, sbr. dskj. nr. 3	kr.	9.677
Skuld varnaraðila við sóknaraðila vegna uppgjors á orlofi starfsmanns Drafnar, fasteignaðjónustu ehf., Júlíusar Finnssonar, sbr. dskj. nr. 68	kr.	54.023

Samtals nema því kröfur á hendur varnaraðila, sem stofnað var til á greiðslustöðvunartíma, 3.893.470 krónum.

II. Greiðslur Drafnar, fasteignaþjónustu ehf., inn á skuld við Dröfn, skipaþjónustu ehf., er stofnað var til á greiðslustöðvunartíma.

a) Greiðslur inn á skuld vegna framkvæmdastjórnar og skrifstofuþjónustu:		
Greitt inn á skuld v. skrifstofuþj. 18. 10. 1994,		
sbr. dskj. nr. 17	kr.	266.875
Greitt inn á skuld vegna skrifstofuþjónustu 28. 10. 1994,		
sbr. dskj. nr. 23.	kr.	200.000
b) Greiðslur inn á viðskiptaskuld:		
Greitt inn á skuld 31. 12. 1994, sbr. dskj. nr. 50	–	150.000
Innborgun 5. janúar 1995, sbr. dskj. nr. 69	–	100.000
Greiddur reikningur nr. 1451 18. 11. 1994,		
sbr. dskj. nr. 25	–	268.000
Greiddur reikningur nr. 1473 2. 12. 1994,		
sbr. dskj. nr. 40	–	616.216
Greitt inn á skuld v. safnaðarheimilis 6. 1. 1995,		
sbr. dskj. nr. 70	–	300.000
c) Reikningar Drafnar, fasteignaþjónustu ehf., á hendur Dröfn, skipaþjónustu ehf., sem færðir eru til lækkunar á viðskiptaskuld varnaraðila við sóknaraðila.		
Reikningur nr. 2900, sbr. dskj. nr. 12	kr.	17.323
Reikningur nr. 2899, sbr. dskj. nr. 13	–	7.166
Reikningur nr. 2902, sbr. dskj. nr. 14	–	4.336
Reikningur nr. 2901, sbr. dskj. nr. 15	–	1.800
Reikningur nr. 3043, sbr. dskj. nr. 35	–	5.898
Reikningur nr. 3042, sbr. dskj. nr. 36	–	77.000
Reikningur nr. 3049, sbr. dskj. nr. 37	–	77.000
Reikningur nr. 3051, sbr. dskj. nr. 37	–	6.185
Reikningur nr. 3052, sbr. dskj. nr. 38	–	6.185
Reikningur nr. 3141, sbr. dskj. nr. 46	–	8.529
Reikningur nr. 3142, sbr. dskj. nr. 47	–	4.564
Reikningur nr. 3154, sbr. dskj. nr. 51	–	6.988
Reikningur nr. 3153, sbr. dskj. nr. 52	–	182
Reikningur nr. 3152, sbr. dskj. nr. 53	–	152
Reikningur nr. 3169, sbr. dskj. nr. 60	–	1.611
Reikningur nr. 3233, sbr. dskj. nr. 78	–	3. 945
Reikningur nr. 3243, sbr. dskj. nr. 78	–	3.370

Reikningur nr. 3242, sbr. dskj. nr. 78	–	1.252
Reikningur nr. 3241, sbr. dskj. nr. 78	–	840
Reikningur nr. 3240, sbr. dskj. nr. 78	–	10.832
Samtals reikningar varnaraðila	kr.	<u>244.443(?)</u>

- c) Úttektir starfsmanna Drafnar, skipaþjónustu ehf., hjá Dröfn, fasteignaþjónustu ehf., sem færðar eru á viðskiptareikningi til lækkunar á skuld varnaraðila við sóknaraðila.

Skv. dskj. nr. 5	–	19.513
Skv. dskj. nr. 10	–	5.456
Skv. dskj. nr. 19	–	6.594
Skv. dskj. nr. 21	–	23.000
Skv. dskj. nr. 39	–	15.409
Skv. dskj. nr. 41	–	38.362
Skv. dskj. nr. 59	–	12.415
Skv. dskj. nr. 72	–	4.888
Skv. dskj. nr. 78	–	7.450
Kreditfærsla, sbr. dskj. nr. 11	–	-3.167
Kreditfærsla, sbr. dskj. nr. 20	–	-4.882
Kreditfærsla, sbr. dskj. nr. 73	–	-1.403
Samtals	kr.	<u>123.635</u>

- d) Skv. dskj. nr. 26 er reikningur Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, að fjárhæð 3.094 kr., á hendur Dröfn, skipaþjónustu ehf., greiddur með þeim hætti, að krafa Drafnar, fasteignaþjónustu ehf., á hendur vélsmiðjunnar er lækkuð sem nemur fjárhæð þess reiknings og sú fjárhæð, 3.094 kr., færð til lækkunar á skuld varnaraðila við sóknaraðila.
- e) Leiðrétt færsla á greiðslu reiknings frá Vélboða. Greiðsla Drafnar, fasteignaþjónustu hf., á þeim reikningi færð til lækkunar á skuld varnaraðila við sóknaraðila, að fjárhæð 19.436 kr., sbr. dskj. nr. 42.
- f) Innborgun inn á viðskiptaskuld 17. janúar 1995 með víxli, 147.500 kr., sbr. skuld á dskj. nr. 74.
- g) Innborgun inn á viðskiptaskuld 15. nóvember 1994 með því, að Dröfn, fasteignaþjónusta hf., greiddi laun starfsmanns Drafnar, skipaþjónustu hf., að fjárhæð 17.277 kr., sbr. dskj. nr. 22.

Samtals eru innborganir Drafnar, fasteignaþjónustu hf., inn á kröfur, sem stofnað var til á greiðslustöðvunartíma félagsins, 2.456.426 kr.

Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila er því 1.437.044 kr. (3.893.470 kr. – 2.456.426 kr.).“

Sóknaraðili lét bóka í þinghaldi 26. maí 1997, að hann félli frá kröfum samkvæmt c-lið í sundurliðuninni, sem eru 9.677 kr. + 54.023 krónur, samtals 63.700 krónur.

Heldur sóknaraðili því fram, að aðstoðarmaður Drafnar, fasteignaþjónustu hf., í greiðslustöðvun og forsvarsmenn félagsins hafi um þær mundir, er ákvörðunin var tekin, verið þess fullvissir, að viðskiptin um annað en skrifstofuþjónustu og framkvæmdastjórn væru ekki síður nauðsynleg fyrir rekstur félagsins, auk þess sem víst væri, að þau yrðu lánardrottnum til hagsbóta, ef til gjaldþrots kæmi í kjölfar greiðslustöðvunar. Telur sóknaraðili, að við mat á skilyrðum 21. gr. laga nr. 21/1991 beri að miða við aðstæður á þeim tíma, er ákvörðun var tekin um viðskiptin, og vísar í því sambandi til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 355/1994 frá 11. nóvember 1994, en þar komi fram, að byggja beri á mati aðstoðarmanns á aðstæðum félagsins, er ákvörðun var tekin um viðskipti félaganna.

Verði ekki fallist á að miða við það mat aðstoðarmannsins, að skilyrði 21. gr. laga nr. 21/1991 hafi verið fyrir hendi, er ákvörðun var tekin um viðskiptin, er því fram haldið, að ósannað sé, að mat hans og forsvarsmanna félagsins á aðstæðum þess, er viðskiptin voru heimilud, hafi ekki verið rétt. Telur sóknaraðili því sönnunarbyrðina hvíla á varnaraðila um að sýna fram á, að aðstæður hafi verið þær á þeim tíma, að ekki hafi verið víst, að stofnun skulda við sóknaraðila yrði lánardrottnum til hagsbóta, kæmi til gjaldþrotaskipta á kjölfar greiðslustöðvunar. Ítrekar sóknaraðili, að samningar varnaraðila og sóknaraðila, sem kröfur hans hvíla á, hafi verið forsenda þess, að varnaraðili gat stundað rekstur á greiðslustöðvunartíma, sem skiladi honum tekjum.

Sóknaraðili telur, að í málinu sé ekki ágreiningur um fjárhæð kröfu hans vegna viðskipta félaganna á greiðslustöðvunartímabili Drafnar, fasteignaþjónustu hf., heldur sé einungis ágreiningur um, hvort viðurkenna beri kröfu hans sem búskrófu samkvæmt 4. tl. 110. greinar laga nr. 21/1991. Í því sambandi bendir sóknaraðili á, að upplýsingar um stöðu viðskiptanna séu fengnar frá þeim, sem annaðist bókhald beggja félaganna.

Þá færir sóknaraðili fram þau rök fyrir kröfum sínum, að stofnun skulda Drafnar, fasteignaþjónustu hf., við Dröfn, skipaþjónustu hf., á greiðslustöðvunartíma hafi verið nauðsynlegur þáttur í því að halda áfram atvinnurekstrinum og koma í veg fyrir verulegt tjón fyrir Dröfn, fasteignaðjónustu

hf., m. a. vegna verksamninga, sem félagið hafði gert, og að víst hafi verið, að stofnun þessara skuldbindinga yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi í kjölfar greiðslustöðvunar.

Lýsing varnaraðila á málavöxtum og málsástæður hans.

Varnaraðili rekur í málavaxtalýsingu sinni, að Skipasmíðastöðin Dröfn hf. hafi verið stofnuð árið 1941 og verið rekin í áratugi í Hafnarfirði. Hafi fyrirtækið unnið að skipasmíðum og alls konar mannvirkjagerð og auk þess rekið trésmíðastofu og vélsmíðju. Einnig hafi verið rekinn slippur og unnið að viðgerðum og endurbótum á skipum. Kveður hann rekstur þennan hafa gengið erfiðlega og rekur því til rökstuðnings rekstrartekjur og tap árána 1991, 1992 og 1993. Í skýrslum stjórnar með ársreikningum 1992 og 1993 hafi komið fram, að samkeppni færi harðnandi og rekstur þyngdist. Leiddi þetta ásamt öðru til þess, að rétt þótti að breyta starfsemi og stofna sérstakt fyrirtæki um skipaþjónustuna, Dröfn, skipaþjónustu hf., og annað um fasteignaþjónustuna, Dröfn, fasteignaþjónustu hf. Töku fyrirtæki þessi við rekstrinum í ársbyrjun 1994. Í skýrslu stjórnar, sem virðist gerð í september 1994, er ítrekað, að greiðsluerfiðleikar væru mjög miklir. Nýju félögin hafi verið með jákvæðan rekstur árið 1994, verkefnastaða þeirra væri góð og hagnaður af þeim báðum fyrstu sex mánuði ársins. Á stjórnarfundum í móðurfélaginu, Skipasmíðastöðinni Dröfn hf., og dótturfélagunum, Dröfn, skipaþjónustu hf., og Dröfn, fasteignaþjónustu hf., 10. október 1994 var samþykkt að biðja um greiðslustöðvun fyrir þau öll.

Í rekstraráætlun fyrir Dröfn, fasteignaþjónustu hf., fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1994 var gert ráð fyrir tapi, að fjárhæð 14.100.000 króna, en uppkast að rekstrarreikningi fyrir sama tímabil sýndi hins vegar verulegan hagnað, 4.958.354 krónur.

Með greiðslustöðvunarbeiðni félagsins til Héraðsdóms Reykjaness, dags. 10. október 1994, fylgdi uppkast að rekstrarreikningi fyrir fyrstu átta mánuði ársins, sem sýndi hagnað, að fjárhæð 5.554.817 krónur, en hagnað fyrir vexti 8.482.978 krónur. Í greiðslustöðvunarbeiðninni var tekið fram, að fengist greiðslustöðvun, teldi stjórnin, að rétta mætti við fjárhag félagsins, þannig, að gera mætti upp við alla kröfuhafa að fullu. Langstærsta verkefni félagsins væri bygging safnaðarheimilis í Hafnarfirði, og væri ágætisafkoma af því verki. Í beiðninni hafi þess einnig verið getið, að stofnun félagsins hafi verið liður í tilraunum til þess að treysta rekstur móðurfélagsins og ná því að gera upp við kröfuhafa. Hafi rekstur dótturfélaganna gengið ágætlega á árinu og hagnaður verið af starfsemi. Þrátt fyrir þetta væri nauðsynlegt að fara fram á greiðslustöðvun fyrir þau og móðurfélagið, vegna

Þess að dótturfélögin byggju við mikinn lausafjárskort, sem stafaði m. a. af því, að þau hefðu hlaupið undir bagga með móðurfélaginu og aðstoðað það við greiðslu gjaldfallandi skulda.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, sem kveðinn var upp 12. október 1994, var öllum félögum veitt heimild til greiðslustöðvunar til 1. nóvember 1994, og var sú heimild á því reist, að ráðagerðir skuldarans þættu ekki óraunhæfar til þess að bera árangur. Með sömu rökum var síðan veitt heimild til framlengingar félaganna á greiðslustöðvuninni til 31. janúar 1995. Í beiðni Drafnar, fasteignaþjónustu hf., um framlengingu greiðslustöðvunarinnar kemur fram, að starfsmenn félagsins hafi gert úttekt á öllum verkum félagsins í vinnslu, sem bendi til, að framlegð verði á þeim öllum frá upphafi greiðslustöðvunar til verkloka.

Til aðstoðar félögum í greiðslustöðvuninni var skipaður Bjarni Þór Óskarsson héraðsdómslögmaður. Hélt hann reglulega fundi á greiðslustöðvunartíma með Rúnari Sigurðssyni, framkvæmdastjóra félaganna, Garðari Jóni Bjarnasyni, löggiltum endurskoðanda, skrifstofu- og fjármála- stjóra félaganna, og Björgvini Magnússyni, verkefnastjóra hjá Dröfn, fasteignþjónustu hf. Á fundi 25. nóvember n.l. var rædd staða fyrirtækisins og framtíðarmöguleikar þess. Á fundi 6. desember sl. var farið yfir greiðslu- áætlun, sem Garðar J. Bjarnason hafði unnið vegna verka við safnaðarheimilið og annarra verka. Ekki var búið að ljúka endanlegum frágangi þeirrar greiðsluáætlunar, en í ljós var komið, að minni afgangur virtist vera af greiðslum frá safnaðarheimili en gert hafði verið ráð fyrir. Á fundi 13. desember kom fram, að gert var ráð fyrir því, að félagið fengi um tvær milljónir króna vegna reiknings fyrir vinnu við safnaðarheimilið. Á fundi 2. janúar 1995 var ákveðið að hafa fund með löggiltum endurskoðanda og fara yfir stöðu uppgjors fyrir árið 1994. Var sá fundur haldinn 5. janúar 1995. Var bókað á fundinum, að Fasteignþjónustan stefndi í veruleg greiðsluvand- ræði, ef útistandandi kröfur skiluðu sér ekki hraðar.

Í minnispunktum aðstoðarmannsins í greiðslustöðvun, sem eru dagsettir 7. janúar 1995, um stöðu Drafnar, fasteignþjónustu hf., kemur fram, að rekstrarstöðvun blasi við, vegna þess að tekjur hafi ekki skilað sér eins og ráð hafi verið fyrir gert. Fyrirliggjandi verkefni væru takmörkuð og stæðu ekki undir föstum kostnaði. Eina tilboðið, sem borist hefði í fastafjármuni, að verðmæti 1,9 milljónir króna, og birgðir, að verðmæti 10 milljónir króna, samkvæmt mati stjórnenda félagsins við upphaf greiðslustöðvunar, væri mun lægra, og af því mætti draga þá ályktun, að eignir hefðu verið of hátt metnar.

Á stjórnarfundum 11. janúar s. á. var bókað, að viðbúið væri, að óbætanlegt

tjón yrði, ef beðið yrði um gjaldþrot fyrir Dröfn, fasteignaþjónustu hf. Ræddir voru möguleikar á að greiða sýslumannsembættinu vegna skuldbindinga, sem stofnast höfðu í desember, einnar til tveggja milljóna króna greiðslu frá Safnaðarheimili. Fram kom á fundinum, að félagið skuldaði systurfélaginu um eina milljón króna og að endanleg krafa systurfélagsins vegna ógreiddra skuldbindinga, sem stofnuðust á greiðslustöðvunartíma, næmu 1.437.044 krónum.

Á stjórnarfundum móðurfélagsins og dótturfélaganna 17. janúar 1995 kom fram í máli aðstoðarmanns, að ekki hefði tekist að standa skil á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum. Virtist svo sem um taprekstur hefði verið að ræða á greiðslustöðvunartíma og að taka ætti félagið til gjaldþrotaskipta. Á þessum fundi lýsti Páll V. Daníelsson, þáverandi stjórnarformaður félagsins, þeirri skoðun sinni, að tapið hefði verið innbyggt í verkefnum, sem voru í gangi, þegar greiðslustöðvunin var heimiluð, en ekki í þeim verkefnum, sem bárust á greiðslustöðvunartíma, og voru fundarmenn honum sammála í því.

Er Dröfn, fasteignaðjónusta hf., var tekin til gjaldþrotaskipta var enn ólokið framkvæmdum við safnaðarheimili og tvö önnur smærri verk. Að meðtöldum fjárhæðum samkvæmt þeim reikningum, sem þrotabúið gerði á verkkaupa, hefur tekist að innheimta undir gjaldþrotaskiptunum alls úti-standandi skuldir að fjárhæð 5.230.637,30 krónur. Þar af voru greiðslur frá sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju alls að fjárhæð 2.956.535 krónur samkvæmt reikningum, samþykktum 9. febrúar 1995, 920.418 krónur 24. febrúar s. á., 22.800 krónur samkvæmt lokareikningi, samþykktum 1. mars s. á., 1.236.955 krónur, auk 776.362 króna greiðslu 6. febrúar s. á. Greiðslur að fjárhæð 22.800 krónur og 1.236.955 krónur runnu beint til þrotabúsins. Af greiðslu að fjárhæð 920.418 krónur runnu 276.560 krónur beint til búsins, en að öðru leyti fór sú greiðsla í efniskaup eftir gjaldþrotauðrskurð vegna ólokinnna framkvæmda við safnaðarheimili.

Varnaraðili hefur uppi í greinargerð sinni mótmæli við fjárkröfu sóknaraðila, en í þinghaldi 26. maí sl. lét varnaraðili bóka málflytningu þess efnis, að hann félli frá lækkunarkröfum samkvæmt liðum 1 til 6 á blaðsíðu 16 til 18 í dóm skjali nr. 81.

Eftir að sóknaraðili féll frá kröfu þeirri, sem varnaraðili krefst, að komi til lækunar á fjárkröfu sóknaraðila í málinu samkvæmt 7. lið á sama skjali, stendur eftir krafa sóknaraðila um lækun samkvæmt 8. lið á fjárkröfu sóknaraðila um 1.760.000 krónur. Um þessa lækkunarkröfu segi varnaraðili:

„Á dskj. 78, sbr. dskj. 71, er færð og bakfærð greiðsla, dags. 13. 1. 1995, að fjárhæð 1.760.000 kr., samkvæmt fylgiskjölum nr. 38 og 116. Báðar þessar

færslur eru án nokkurra skýringa þar eða í greinargerð sóknaraðila. Greiðslufærslan byggist á fylgiskjali nr. 38, sem er kvittun Íslandsbanka hf., dags. 13. 1. 1995, fyrir innleggi Drafnar, fasteignaþjónustu hf., inn á tékka-reikning Drafnar, skipaþjónustu hf., nr. 1421 við bankann. Bakfærslan er hins vegar byggð á tilbúnu fylgiskjali. Samkvæmt því er þess krafist, að til lækkunar fjárkröfu sóknaraðila með þessum hætti komi 1.760.000 kr.“

Á bls. 19 á dskj. 81 koma fram eftirfarandi athugasemdir varnaraðila við málatilbúnað sóknaraðila:

„A. Vakin var athygli á fylgiskjali nr. 1483 (dskj. 30), sem er samkvæmt reikningi (sem ber ekki bókhaldsnúmer) með sama númeri, að fjárhæð 372.504 kr. og gefnum út 30. 11. 1994. Undirnáta hans er nr. 1016, dagsett 30. 11. 1994 og að fjárhæð alls 374.000 kr. Þar kemur fram, að um sé að ræða vinnu vegna þrifa á kaffistofu og salerni að hluta fyrir mánuðina janúar-nóvember 1994, 66.000 kr., og kaffikostnaður félagsins sömu mánuði, að fjárhæð 28.000 kr. á mánuði, alls 308.000 kr. Af reikningnum er veittur samkvæmt viðtekinni venju 20% afsláttur. Með sama dómskjali (dskj. 30) er nældur kreditreikningur nr. 1539, dags. 31. 12. 1994 (sem ber ekki bókhaldsnúmer), og er hann bakfærður á móti reikningi nr. 1483. Báðar þessar færslur koma fram á dskj. 78, en án nokkurra skýringa þar eða í greinargerð sóknaraðila.

B. Á sama máta er vakin athygli á dskj. 44, að fjárhæð 185.282 kr., og 45, að fjárhæð 190.136 kr., sem færðar eru og bakfærðar á dskj. 78 án nokkurra skýringa þar eða í greinargerð sóknaraðila. Reikningur, að fjárhæð 141.226 kr., og undirgögn hans á dskj. 54 virðist koma í stað reiknings á dskj. nr. 44. Á misræmi þessara reikninga, færslu og bakfærslu, koma engar skýringar fram á greindum dómskjölum eða í greinargerð sóknaraðila.

C. Einnig er vakin athygli á dskj. nr. 56, að fjárhæð 1.238.511 kr., sem færð er og bakfærð á dskj. 78 sem fylgiskjöl nr. 1538 og 1559 31. 12. 1994 án nokkurra skýringa þar eða í greinargerð sóknaraðila. Fylgiskjalsnúmerin eru hin sömu og á reikningunum (sem bera ekki bókhaldsnúmer). Á nótu nr. 1117 með reikningunum kemur fram, að grundvöllur þeirra sé „vinna við ýmislegt af Halldóri og Lindberg“. Í stað þessa virðist koma reikningur nr. 1560 (sem ber ekki bókhaldsnúmer) á dskj. 63, að fjárhæð 966.991 kr., þ. e. allt annarri og lægri fjárhæð. Á misræmi þessara reikninga, færslu og bakfærslu, koma engar skýringar fram á greindum dómskjölum eða í greinargerð sóknaraðila. Engar skýringar koma fram um, hvenær þessi vinna var leyst af hendi og á hvaða samningi reikningsfærslan grundvallast.

E. Meðal þess, sem sóknaraðili hefur lækkað kröfu sína um frá kröfulýsingu í þrotabúið, er reikningur að fjárhæð 200.000 kr. (dskj. 57 og ber ekki

með sér bókhaldsnúmer). Fylgiskjalsnúmerið á dskj. 78 er sama og reikningsnúmerið 1542. Færsla þessi er 31. 12. 1994. Engar skýringar hafa komið fram á því, á hvaða grundvelli þessi reikningur hefur í raun verið færður Dröfn, fasteignaþjónustu hf., til skuldar, né heldur, hvers vegna það kom fyrst til í árslok.“

Varnaraðili heldur því fram, að skort hafi skilyrði fyrir því að heimila Dröfn, fasteignaþjónustu hf., greiðslustöðvun 12. október 1994 og framlengja hana frá 3. nóvember 1994 til 30. janúar 1995. Varnaraðili skírskotar til þess, að ekki hafi verið fullnægt því skilyrði 6. tl. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991, að ráðagerðir félagsins væru raunhæfar og líklegar til að bera árangur. Úttekt, sem starfsmenn félagsins eigi að hafa gert og sýnt hafi góða framlegð af öllum verkum, sem félagið vann að, hafi verið ófullnægjandi. Engin gögn sé að finna hjá þrotabúinu, sem staðreyni, að slíkt mat hafi verið unnið af þar til bærum sérfróðum og óháðum aðilum, er sýndi, að framhald rekstrar og skuldbindingar, sem honum fylgdu, yrðu lánardrottnum með vissu til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi félagsins í kjölfar greiðslustöðvunar. Þær ráðagerðir hafi einungis verið fólgnar í því, að móðurfélaginu tækist að selja eignir sínar á verði, sem gerði meira en að greiða áhvílandi veðskuldir. Varnaraðili telur, að ekki hafi verið sýnt fram á, að það væri raunhæft eða að líklegt hefði verið, að það tækist. Varnaraðili telur jafnframt, að á þessum tíma hafi verið skylt að gefa búi félagsins upp til gjaldþrotaskipta samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991.

Þá heldur varnaraðili því fram, að fljótlega eftir, að heimild til greiðslustöðvunar var veitt, hafi stjórnendum félagsins orðið eða mátt vera ljóst, að félagið var rekið með tapi, enda fljótlega komið upp erfiðleikar með að greiða laun og launatengd gjöld. Vegna þessa hafi aðstoðarmanni í greiðslustöðvun borið að senda héraðsdómi tilkynningu samkv. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 21/1991, enda bar honum sjálfum að gæta þess, að fullnægt væri skilyrði 2. mgr. 19. gr. sömu laga. Af þessum sökum hafi stjórnendum félagsins verið skylt að afsala félaginu heimildinni til greiðslustöðvunarinnar, sbr. 1. tl. 2. mgr. 23. gr. sömu laga.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að aðstoðarmaðurinn hafi ekki beinlínis samþykkt skuldasöfnun félagsins við sóknaraðila eða aðra lánardrottna á geiðslustöðvunartíma. Varnaraðili telur, að fundargerðir leiði í ljós, að aðstoðarmaður hafi ekki í fyrstu verið upplýstur af stjórnendum félagsins um skuldasöfnun þess, en honum hafi verið skylt að gæta þess af sjálfsdáðum samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 21/1991. Varnaraðili heldur því einnig fram, að sannað sé, að stjórnendum félagsins hafi ekki átt eða mátt þykja víst, að ráðstafanir þær, sem voru grundvöllur skuldasöfnunarinnar,

yrðu kröfuhöfum til hagsbóta. Þá heldur varnaraðili því fram, að í þessu efni hafi sóknaraðili sönnunarbyrðina fyrir því, að óyggjandi hafi verið, að stjórnendum varnaraðila hafi virst eða mátt virðast ráðstafanirnar til þess fallnar að treysta hagsmuni kröfuhafa við eftirfarandi gjaldþrot, ef til þess kæmi, og yrðu þeim fyrirsjáanlega til hagsbóta, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991. Einnig heldur varnaraðili því fram, að vitneskja eða huglæg afstaða lánardrottins um, hvort viðkomandi ráðstöfun yrði kröfuhöfum almennt til hagsbóta, hafi ekki þýðingu við skýringu 2. mgr. 21. gr. sömu laga. Verði svo hins vegar talið, geti sóknaraðili ekki borið það fyrir sig vegna tengsla félaganna við stjórn þeirra, sama framkvæmdastjóra, löggiltan endurskoðanda og aðstoðarmann í greiðslustöðvun. Leggur varnaraðili á það sérstaka áherslu, að samkvæmt samningi þar um annaðist Dröfn, skipaþjónusta hf., færslu bókhalds Drafnar, fasteignaþjónustu hf., að öllu leyti og alla skrifstofuvinnu, sem rekstrinum fylgdi, svo sem reikningsgerð, skilagreinar, greiðslur o. fl.

Með vísan til framangreindra raka heldur varnaraðili því fram, að hafna beri dómkröfum sóknaraðila. Verði ekki á það fallist, heldur varnaraðili því fram, að taka beri tillit til framangreindrar lækkunarkröfu sinnar, að fjárhæð 1.760.000 kr., sem rakin var hér að framan við úrlausn á kröfu sóknaraðila.

Málskostnaðarkröfu sína styður varnaraðili við 1. og 2. mgr. 130. gr. og 1. mgr., a- og c-lið, 1. mgr. 131. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 129. gr. sömu laga.

Kröfuna um virðisaukaskatt á málskostnað reisir varnaraðili á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum, en hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili í þessu tilviki.

III.

Sú málsástæða varnaraðila, er lýtur að því, að skort hafi skilyrði til þess að heimila Dröfn, fasteignaþjónustu hf., greiðslustöðvun 12. október 1994 og framlengja hana síðan 3. nóvember 1994 til 30. janúar 1995, á ekki heima í máli þessu. Greiðslustöðvunin var heimiluð með dómsúrskurði, upp kveðnum 12. október 1994, og er gildi þess úrskurðar ekki til úrlausnar.

Í máli þessu er aðallega um það deilt, hvort fjárfkrafa sóknaraðila fáiast samþykkt sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 í heild eða að hluta.

Bú Drafnar, fasteignaþjónustu hf., var tekið til gjaldþrotaskipta 23. janúar 1995 í kjölfar greiðslustöðvunar, sem staðið hafði frá 12. október 1994. Óumdeilt er, að samkvæmt samningi þar um annaðist Dröfn, skipaþjónusta

hf., færslu bókhalds Drafnar, fasteignaþjónustu hf., að öllu leyti auk allrar skrifstofuvinnu, sem rekstrinum fylgdi, á meðan greiðslustöðvun stóð. Samkvæmt framburði aðstoðarmanns Drafnar, fasteignaþjónustu hf., í greiðslustöðvun fyrir dóminum kemur fram, að hann hafi sem slíkur samþykkt þennan samning félaganna, án þess þó að hann myndi, hversu hátt gjald skyldi greitt fyrir þessa þjónustu. Eins og fram er komið í málinu, gerði Dröfn, skipaþjónusta hf., Dröfn, fasteignaþjónustu hf., reikninga fyrir þessa þjónustu. Af ótilgreindum ástæðum lækkaði Dröfn, skipaþjónusta hf., kröfu sína fyrir þessa þjónustu frá því, sem um hafði verið samið, svo að heildarkrafa fyrir þann tíma, sem greiðslustöðvunin stóð, nam 1.027.125 krónum. Þessa kröfu lækkaði sóknaraðili síðan um 186.750 krónur undir rekstri máls þessa, vegna þess að sá hluti kröfunnar stafaði frá því fyrir greiðslustöðvun. Er því krafa sóknaraðila vegna þessa þáttar málsins 840.375 krónur.

Í dóm skjali nr. 145, sem er frá 7. janúar 1995, koma fram minnisþingar aðstoðarmanns félagsins við greiðslustöðvun og hagfræðings, sem starfaði með honum að málum félagsins, um stöðu Drafnar, fasteignaþjónustu hf. Í niðurstöðukafla þessara minnisþinga, sem virðist hafa verið beint til stjórnar félagsins, segir: „Á grundvelli þeirrar stöðu, sem upp er komin, verður ekki séð, að réttlætun sé að halda rekstri áfram. Reksturinn er kominn í greiðsluþrot, og ekki hefur tekist að standa skil á forgangskröfum. Ekki er tilefni til að ætla, að úr þessari stöðu rætist í nánustu framtíð, og því má telja, að félaginu sé skylt að krefjast gjaldþrotaskipta.“ Samkvæmt þessu var aðstoðarmanninum ljóst, að hann gat ekki vænst þess, að framhald yrði á rekstri Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og því engin þörf lengur á þjónustu Drafnar, skipaþjónustu hf., til þess að verja félagið tjóni. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991 var aðstoðarmanninum því óheimilt eftir 7. janúar 1995 að samþykkja, að félagið stofnaði áfram til skuldbindinga við Dröfn, skipaþjónustu hf. Hefði því aðstoðarmanninum borið að afturkalla samþykki sitt, hafi það verið í gildi. Samkvæmt þessu þykir ljóst, að því er varðar tímabilið frá 7. til 23. janúar 1995, að ekki er fullnægt því skilyrði 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, að heimild hafi staðið til þess í 19. til 21. gr. laganna, að Dröfn, fasteignaþjónusta hf., stofnaði áfram til skuldbindingar við Dröfn, skipaþjónustu hf., um að þiggja umrædda þjónustu. Kemur því ekki til greina, að sá hluti kröfu sóknaraðila, sem stafar frá tímabilinu 7. til 23. janúar, njóti þeirrar stöðu í réttindaröð, sem 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 mælir fyrir um. Fjárhæð þeirrar kröfu þykir rétt að reikna út frá daglegum meðalkostnaði fyrir umrædda þjónustu, á meðan greiðslustöðvun stóð yfir. Greiðslustöðvunin stóð í 104 daga, og ef deilt er með dagafjölda í kröfu sóknaraðila vegna þessa þáttar (840.375:104 =

8.081) og síðan margfaldað með þeim 16 dögum, sem liðu frá 7. til 23. 1. 1995, verður niðurstaðan 129.296 krónur. Við það, sem nú hefur verið rakið, er því að bæta, að samkvæmt gögnum, sem stafa frá sóknaraðila, greiddi Dröfn, fasteignaþjónusta hf., honum inn á skuld, sem stofnaðist á greiðslustöðvunartíma vegna framkvæmdastjórnar og skrifstofuþjónustu 18. 10. 1994 266.875 krónur og 28. 10. 1994 200.000 krónur.

Að mati dómsins eru þannig eftir af kröfu sóknaraðila vegna þessa þáttar 244.204 krónur ($840.375 - 129.296 - 266.875 - 200.000 = 244.204$). Eins og að framan er rakið, er óumdeilt, að til þeirrar skuldbindingar, sem í þessum þætti felst, var stofnað með samningi, sem aðstoðarmaður varnaraðila í greiðslustöðvuninni stóð að. Að mati dómara hvílir sönnunarbyrðin fyrir því, að reikningar séu of háir, á varnaraðila, sbr. meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Ekki er fallist á kröfu varnaraðila um lækkun á fjárkröfu sóknaraðila um 1.760.000 krónur vegna ófullnægjandi bókhaldsgagna varðandi þá greiðslu, eins og rakið er að framan. Um þetta atriði þykir rétt að miða við framburð Rúnars Sigurðssonar, sem var framkvæmdastjóri beggja félaganna á greiðslustöðvunartíma, þegar þessi færsla er færð og síðan bakfærð 31. 1. 1995, og framburð Bjarna Þórs Óskarssonar hdl., sem var aðstoðarmaður beggja á greiðslustöðvunartíma. Verður af framburði þeirra um þessa færslu að draga þá ályktun, að greiðslan hafi farið í gegnum reikning Drafnar, skipaþjónustu hf., til þess að unnt væri að nýta greiðsluna til greiðslu gjalda Drafnar, fasteignaþjónustu hf., hjá sýslumanni. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu varnaraðila, sem gefi vísbendingu um, að um hafi verið að tefla greiðslu frá honum, sem hefði komið í hlut Drafnar, skipaþjónustu hf. Hér var að mati dómsins einungis um að tefla meðalgöngu um ráðstöfun greiðslunnar.

Varnaraðili hefur ekki, svo að séð verði, fært fram önnur rök fyrir frekari lækkun kröfunnar en að hana beri að lækka vegna minnkandi umsvifa varnaraðila frá því, sem var fyrir greiðslustöðvun. Engin haldbær gögn hafa verið lögð fram af hans hálfu þessu til stuðnings, og fyrir liggur, að sóknaraðili lækkaði gjaldið fyrir þjónustuna frá því, sem fyrir liggur, að hún kostaði fyrir upphaf greiðslustöðvunar 12. október 1994. Af þessum ástæðum og vegna þess að varnaraðili hefur ekki fært nægileg rök fyrir því, að aðstoðarmanni Drafnar, fasteignaþjónustu hf., við greiðslustöðvun hafi átt að vera annað ljóst, þegar Dröfn, skipaþjónusta hf., sinni fyrir hann umræddri þjónustu, en hún væri nauðsynlegur þáttur í aðgerðum félagsins til þess að halda áfram atvinnurekstri sínum og yrði lánardrottnum þess til hagsbóta, kæmi til gjaldþrotaskipta, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991, verður fallist á, að fullnægt sé skilyrðum 4. tl. 110. gr. sömu laga fyrir því, að það, sem eftir

stendur af þessum kröfulið sóknaraðila, 244.204 krónur, njóti forgangsréttar samkvæmt ákvæðinu.

Aðrir kröfuliðir sóknaraðila eru vegna samninga milli félaganna um önnur viðskipti á greiðslustöðvunartíma. Samkvæmt þeim stofnaði Dröfn, fasteignaþjónusta hf., til skulda við Dröfn, skipaþjónustu hf., vegna þess að félagið tók að sér að ljúka ýmsum verkum, sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., hafði samið um að vinna á greiðslustöðvunartíma, auk þess sem um var að tefla kaup á vörum og þjónustu. Rétt þykir að fjalla um þessar kröfur í einu lagi og láta áður fram komna sundurliðun nægja.

Kröfur sóknaraðila í þessum þætti eru 346.229 krónur. Ekki verður séð, að deila standi um réttmæti krafna sóknaraðila í þessum þætti um annað en stöðu þeirra í réttindaröð við gjaldþrotaskiptin. Hefur sóknaraðili og lagt fram fullnægjandi gögn þessum kröfum til stuðnings.

Varnaraðili hefur haldið því fram, að aðstoðarmaður Drafnar, fasteignaþjónustu hf., í greiðslustöðvun hafi ekki beinlínis samþykkt þessa skuldasöfnun gagnstætt því, sem sóknaraðili heldur fram. Um það, hvort hann hafi veitt samþykki sitt til þess, að stofnað væri til þeirra viðskipta, sem fólust í því, að Dröfn, skipaþjónusta hf., tæki að sér undirverktöku fyrir Dröfn, fasteignaþjónustu hf., og varða þennan þátt málsins, segir í framburði hans fyrir dóminum: „Já, í því formi þó, að það var allflokinn rekstur, sem var í gangi hjá Dröfn, fasteignaþjónustu hf., og tæknifræðingur í vinnu, sem sá að mestu leyti um framkvæmd verka í samráði við mig, og þar á meðal leitaði hann til Drafnar, skipaþjónustu hf., um einstaka verkþætti, þannig, að það var með heimild og samþykki.“

Sóknaraðili hefur ekki lagt fram nein gögn, sem sýni, að aðstoðarmaður Drafnar, fasteignaþjónustu hf., í greiðslustöðvun hafi samþykkt með þeim hætti, sem áskilið er í 1. mgr. 19. gr. laga 12/1991, að starfsmaður félagsins stofnaði þannig til skuldbindinga við Dröfn, skipaþjónustu hf., með því að fela félaginu verktöku, enda ekki á færi aðstoðarmannsins að framselja starfsmanni félagsins þetta ákvörðunarvald sitt, svo að gilt væri að lögum. Af þessu verður ekki annað ráðið en það, að aðstoðarmaðurinn hafi ekki veitt lögformlegt samþykki sitt til þess að fela Dröfn, skipaþjónustu hf., þessa verktöku. Af þessum sökum er ekki talið, að fullnægt hafi verið skilyrðum 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 fyrir því, að kröfuliðir sóknaraðila í þessum þætti málsins, samtals 246.229 krónur, njóti réttthæðar samkvæmt ákvæðinu. Verður af þessum sökum að skipa þessari kröfu sóknaraðila í réttindaröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennd er krafa sóknaraðila, þrotabús Drafnar, skipaþjónustu hf., á hendur varnaraðila, þrotabúi Drafnar, fasteignaþjónustu hf., að fjárhæð 244.204 krónur, sem njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 við gjaldþrotaskipti varnaraðila.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila, að fjárhæð 346.229 krónur, á hendur varnaraðila, sem njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 113. gr. sömu laga.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 krónur í málskostnað.
